

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins Gylfaflöt 5, mánudaginn 29.10.2012, kl.7.30.

**Mættir eru:**

Oddný Sturludóttir, Ómar Stefánsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Páll Hilmarsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Aðal- og varamenn Mosfellsbæjar boðuðu báðir forföll.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir. Sverrir Viðar Hauksson er gestur fundarins undir lið 7.

**Tekið fyrir:**

**1. Starfsreglur stjórnar**

Hefja skal vinnu við gerð starfsreglna fyrir stjórn SORPU bs.

Oddnýju Sturludóttur, Páli Hilmarssyni og Bjarna Torfa Álfþórssyni er falið að hefja undirbúningsvinnu. Skal þetta unnið samfara eigendastefnu SORPU bs. sem unnin er í samvinnu við SSH.

**2. Rekstraráætlun 2013 - 2017**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir rekstraráætlun 2013 – 2017.

Stjórn samþykkir rekstraráætlunina samhjóða.

**3. Lyktarverkefni í Álfsnesi**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað, dagsett 24.10.2012, er varðar: Vinnulag við að minnka dreifingu lyktarefna frá urðunarstaðnum í Álfsnesi, sem unnið er af yfirverkfræðingi ásamt leiðbeiningu úr rekstrarhandbók SORPU, LBU-012 „Móttaka á lyktarsterkum úrgangi“.

**4. Ársfundur SORPU bs. 2012**

Ársfundur SORPU bs. verður föstudaginn 23. nóvember í Álfsnesi kl 14:00.

**5. Bréf til UST vegna starfsleyfis í Álfsnesi**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir bréf sem unnið er af Lausnir lögmannsstofa/ Ingi B.Poulsen hdl dagsett 17. október 2012.

Efni: Athugasemdir SORPU bs. vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Álfsnesi.

**6. Erindi til sveitarfélaganna á suðvesturhluta landsins vegna urðunarstaða**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir bréf til sveitarfélaganna á suðvesturhorninu sem dagsett er 16.10.2012 er varðar fyrirspurn um urðunarstaði fyrir úrgang. Bréfið er sent fyrir hönd SORPU bs, Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Sorpurðunar Vesturlands.

**7. Gasgerðarstöð – hugmyndir að fjármögnun og rekstri**

Sverrir Viðar Hauksson kynnir drög að sviðsmyndum fyrir fjármögnun og framkvæmd við uppbyggingu gasgerðastöðvar sem hann hefur unnið fyrir SORPU bs. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skipuleggja kynningar fyrir borgarráði og bæjarráðum.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 26. nóvember, klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:35.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Ómar Stefánsson  
Oddný Sturludóttir  
Páll Hilmarsson  
Björn H. Halldórsson

Margrét G Magnúsd.  
Hjördís J Gísladóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson  
Sverrir Viðar Hauksson  
Bj. H.